

Fimmtudaginn 11. maí 1995.

Nr. 136/1994.

R. Guðmundsson hf.

(Hjalti Steinþórsson hrl.)

gegn

Huldu Björnsdóttur

(Örn Clausen hrl.)

Vinnusamningur. Uppsögn. Skaðabætur.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómarnir Markús Sigurbjörnsson og Gunnlaugur Claessen og Bjarni K. Bjarnason, fyrrverandi hæstaréttardómari.

Áfrýjandi skaut máli þessu til Hæstaréttar með stefnu 21. mars 1994. Hann krefst sýknu af öllum kröfum stefndu og málskostnaðar í héraði og fyrir Hæstarétti.

Stefnda krefst staðfestingar hins áfrýjaða dóms og málskostnaðar fyrir Hæstarétti úr hendi áfrýjanda.

I.

Í héraðsdómi er rakið, að föstudaginn 30. apríl 1993 hafi áfrýjandi sagt stefndu upp störfum „með venjulegum fyrirvara“. Er óumdeilt, að sá uppsagnarfrestur, sem hér átti við, hafi verið þrjú mánuðir. Í uppsagnarbréfi áfrýjanda voru ekki tilgreindar ástæður fyrir slitum vinnusamningsins. Þann dag fór hins vegar ekki fram greiðsla launa til stefndu fyrir aprílmánuð í samræmi við fyrirmæli kjarasamnings þar um.

Stefnda kveðst árdegis 3. maí 1993 hafa afhent æðsta starfsmanni áfrýjanda, sem staddur var á vinnustað, bréf, þar sem hún gaf áfrýjanda frest til kl. 11.00 5. sama mánaðar til að standa skil á laununum. Að öðrum kosti áskildi hún sér rétt til að hætta störfum án frekari fyrirvara og krefjast launa í uppsagnarfresti. Bréf þetta kveður stefnda hafa verið samið á skrifstofu stéttarfélags síns, Verslunarmannafélags Reykjavíkur, að morgni þess dags, er það var afhent. Stefnda hefur lagt fram afrit, sem hún kveður vera af nefndu bréfi. Með því að launin hafi ekki verið greidd innan tilsetts frests, hafi hún hætt störfum og horfið af vinnustað, eftir að hún hafði árit-

að stimpilkort sitt um riftun vinnusamningsins. Áfrýjandi hefur mótmælt því að hafa fengið þetta bréf. Telur hann stefndu því hafa rift vinnusamningi aðila fyrirvaralaust og með ólögætum hætti.

Hinn 7. maí 1993 ritaði Verslunarmannafélag Reykjavíkur áfrýjanda bréf um launamál stefndu. Í því bréfi segir m. a.: „Þegar launagreiðsla hafði ekki borist launþeganum vegna apríl 1993 þann 3. maí 1993, sendi hún yður aðvörunarbréf vegna þessa brots yðar. Þar kemur fram, að hún gefur yður frest til kl. 11.00 árdegis þann 5. maí til að standa skil á launum vegna aprílmánaðar 1992 (sic), að öðrum kosti myndi hún yfirgefa vinnustað og krefjast launa auk lögbundins uppsagnarfrests samkvæmt kjarasamningum, sem í þessu tilfalli eru þrjár mánuðir, þ. e. maí, júní og júlí 1993. . . . Með bréfi þessu viljum við því benda yður á greiðsluskyldu yðar gagnvart launþeganum í uppsagnarfresti hans, svo að ekki þurfi að grípa til frekari aðgerða.“

Bréf þetta kannast áfrýjandi við að hafa fengið. Það leiddi þó ekki til neinna viðbragða af hans hálfu gagnvart stefndu, né heldur svaraði hann bréfi stéttarfélagsins. Hafa engar viðhlítandi skýringar verið gefnar á því, þótt staðhæft sé í bréfi stéttarfélagsins um fyrrnefnt bréf til áfrýjanda, dagsett 3. maí, sem hann hefur neitað að hafa fengið. Ekki svaraði áfrýjandi heldur bréfi lögmanns stefndu 27. júlí 1993, þar sem meðal annars er fjallað um viðvörun, sem gefin hafi verið í bréfi 3. maí. Áfrýjandi hefur ekki gagnstætt þessu leitt líkur að réttmæti þeirrar staðhæfingar, að hann hafi ekki fengið bréfið frá 3. maí í hendur. Að öllu þessu virtu verður lagt til grundvallar dómi, að bréflög viðvörun hafi verið veitt vegna vanefnda áfrýjanda, svo sem stefnda heldur fram.

II.

Er ljóst varð, að stefnda hafði horfið af vinnustað sínum hjá áfrýjanda undir hádegi 5. maí 1993 og rift vinnusamningi aðila, gerði starfsmaður áfrýjanda fyrst reka að því að greiða laun hennar. Reyndi hann þegar að ná sambandi við stefndu, en tókst ekki fyrr en að kvöldi sama dags. Fór greiðsla launanna þá fram. Hafa ekki komið fram neinar upplýsingar af hálfu áfrýjanda, sem útskýrt geti eða réttlætt, að engar ráðstafanir voru gerðar til að greiða stefndu

laun hennar fyrr en eftir, að hún hafði lýst yfir riftun á vinnusamningnum.

Áfrýjandi sýndi engin viðbrögð við bréfi stefndu frá 3. maí 1993 að öðru leyti en því, að 4. sama mánaðar ritaði hann stefndu áminningarbref fyrir að hafa komið of seint til vinnu næsta dag á undan. Stefnda var því í sömu óvissu um greiðslu launa sinna í lok hins tilsetta frests 5. maí sem fyrr.

Að þessu virtu verður við það miðað, að stefndu hafi, eins og hér stóð á, verið heimilt að grípa til úrræða vegna vanefnda áfrýjanda. Frestur sá, sem hún veitti honum til að standa skil á launinum, var hins vegar of skammur, til að hún hafi mátt rifta vinnusamningnum þegar við lok frestsins. Vegna þessa og með því að áfrýjandi greiddi stefndu launin sama dag og frestinum lauk, bar stefndu að bjóða fram vinnu sína í uppsagnarfresti, sem hún gerði þó ekki. Verður af þessum sökum ekki komist hjá að telja stefndu hafa fyrirgert rétti til greiðslna úr hendi áfrýjanda fyrir tíma, eftir að hún lagði niður vinnu. Verður hann því sýknaður af kröfum stefndu.

Eftir atvikum öllum þykir rétt, að hvor aðila beri sinn málskostnað í héraði og fyrir Hæstarétti.

D ó m s o r ð:

Áfrýjandi, R. Guðmundsson hf., skal vera sýkn af kröfum stefndu, Huldu Björnsdóttur.

Málskostnaður í héraði og fyrir Hæstarétti fellur niður.

Dómur Héraðsdóms Reykjavíkur 15. febrúar 1994.

Mál þetta, sem dómtekið var að loknum munnlegum flutningi 9. febrúar sl., er höfðað með stefnu, birtri 22. ágúst sl.

Stefnandi er Hulda Björnsdóttir, kt. 160572-4429, nú til heimilis að Álfa-túni 15 í Kópavogi.

Stefndi er R. Guðmundsson hf., kt. 550289-1219, Skólavörðustíg 42, Reykjavík.

Dómkröfur stefnanda eru, að stefndi verði dæmdur til að greiða sér 213.461 kr. ásamt dráttarvöxtum samkvæmt III. kafla vaxtalaga nr. 25/1987 af 46.933 kr. frá 1. júní 1993 til 1. júlí s. á., en af 106.944 kr. f. þ. d. til 1. ágúst s. á., en af 213.461 kr. f. þ. d. til greiðsludags. Þá er krafist málskostnaðar.

Stefndi krefst sýknu og málskostnaðar.

Málavextir.

Stefnandi vann hjá stefnda frá 9. júlí 1992. Hinn 30. apríl árið 1993 sagði stefndi henni upp störfum með venjulegum fyrirvara, eins og segir í uppsagnarbréfi. Hinn 3. maí ritar stefnandi stefnda bréf og kveðst þar ekki hafa fengið laun fyrir apríl þrátt fyrir ítrekaðar tilraunir. Gaf hún honum frest til kl. 11.00 5. maí til að greiða launin; að öðrum kosti áskildi hún sér rétt til að hætta störfum fyrirvaralaust. Jafnframt áskildi hún sér laun í uppsagnarfresti. Stefndi kannast ekki við að hafa fengið þetta bréf. Hinn 4. maí var henni veitt skrifleg áminning fyrir að koma of seint til vinnu 3. maí. Stefnandi fór af vinnustað kl. 11.00 5. maí, þar eð henni höfðu þá ekki verið greidd laun fyrir apríl. Skrifaði hún á stimpilkortið: „Hætt v/vangoldinna vinnusamn.“ Nokkru síðar kom starfsmaður stefnda á vinnustað og sá kortið. Reyndi hann þá þegar að hafa samband við stefnanda, en tókst það ekki fyrr en um kvöldið, og voru henni þá greidd laun fyrir apríl. Í byrjun júní voru henni greidd laun fyrir dagana 1. til 5. maí.

Málsástæður og lagarök.

Af hálfu stefnanda er því haldið fram, að „vegna dráttar á greiðslu launa á síðustu mánuðum, auk þess sem apríllaun höfðu ekki verið greidd, sendi stefnandi stefnda aðvörunarbréf þann 3. maí 1993 vegna vangoldinna apríllauna. Í því bréfi kemur fram, að stefnandi hafi ítrekað reynt að fá apríllaun greidd á réttum tíma, en án árangurs. Stefnda var gefinn frestur til kl. 11.00 árdegis hinn 5. maí 1993 til að standa skil á launum þessum, að öðrum kosti liti stefnandi svo á, að starfssambandinu hefði verið slitið af hálfu stefnda, og áskildi sér rétt til bóta í uppsagnarfresti. Þrátt fyrir aðvörun þessa höfðu áðurgreind laun ekki borist stefnanda fyrir kl. 11.00 árdegis hinn 5. maí 1993, og því yfirgaf stefnandi vinnustaðinn. Einhliða vanefnd stefnda ber að líta á sem fyrirvaralaus uppsögn á starfskröftum stefnanda. Þessi skilningur var ítrekaður í bréfi frá Verslunarmannafélagi Reykjavíkur, dags. 7. maí 1993“.

Stefnandi krefst þess að fá greidd laun í uppsagnarfresti, þ. e. fyrir 3 mánuði, og auk þess er krafist orlofsuppbótar, láglaunabóta og desemberuppbótar fyrir árið 1993.

Kröfu sína sundurliðar stefnandi sem hér segir:

Laun vegna 6. til 31. maí 1993	kr.	46.933
Laun vegna 1. til 30. júní 1993	–	60.011
Laun vegna 1. til 31. júlí 1993	–	60.011
Orlof í uppsagnarfresti 10,17%	–	16.979
Orlofsuppbót 1993	–	7.467

Láglaunabætur 1993	kr.	13.393
Desemberuppbót 1993	–	8.667
Samtals	kr.	213.461

Stefnandi styður kröfugerð sína við lög nr. 28/1930 um greiðslu verkkaups, lög nr. 19/1979 um uppsagnarfrest, lög nr. 30/1987 um orlof, vaxtalög og einkamálalög, einnig við kjarasamning Verslunarmannafélags Reykjavíkur og vinnuveitenda svo og við meginreglu vinnuréttar um rétt starfsmanna til að hætta störfum og krefjast launa í uppsagnarfresti vegna vanfnda vinnuveitenda að undangenginni viðvörum.

Stefndi kveðst ekki hafa fengið bréfið frá 3. maí í hendur, og verði því ekkert á því byggt. Hann bendir á, að stefnandi hafi horfið af vinnustað, áður en vinnudegi lauk 30. apríl, og hafi því ekki á það reynt, hvort hún fengi greidd laun þann dag. Þá hafi hún ekki komið á réttum tíma 3. maí, en telja megi fullvíst, að hún hefði fengið greidd laun þá, hefði hún komið á réttum tíma, en þá var forsvarsmáður stefnda farinn úr bænum í sölufurð. Þegar stefnda hafi orðið ljóst 5. maí, að stefnandi hafði hætt störfum, vegna þess að launin höfðu ekki verið greidd, hafi strax verið haft samband við hana og launin greidd. Stefndi kveðst hafa talið, að stefnandi hafi viljað hætta störfum strax vegna uppsagnarinnar, og eins telur hann, að henni hafi mislíkað áminningin frá 4. maí. Þá hafi og verið ógilt læknisvottorð, er hún hafi framvísað. Taldi stefndi, að vegna alls þessa hefði stefnandi ekki treyst sér til að vinna út uppsagnarfrestinn, og hann ekkert haft við það að athuga, en þá ekki ætlað sér að greiða laun út uppsagnarfrestinn. Þar eð hún hafi ekki boðist til að vinna uppsagnarfrestinn, geti hún ekki átt kröfu til bóta. Þá heldur stefndi því fram, að dráttur á greiðslu apríllauna hafi verið óverulegur og síst meiri en vanefndir stefnanda með slægum mætingum. Að síðustu styður stefndi mál sitt því, að stefnandi hafi ekki gert neinn fyrirvara, er hún tók við apríllauninum, um það, að hún ætti frekari kröfur, og þannig firrt sig rétti til bóta.

Stefndi vísar til almennra reglna samninga- og kröfuréttar um vanefndir og afleiðingar þeirra, kaupalaga, hjúalaga, sjómannalaga, laga nr. 19/1979 um uppsagnarfrest, vaxta- og einkamálalaga.

Niðurstaða.

Eins og rakið var, sagði stefndi stefnanda upp störfum 30. apríl 1993 með venjulegum fyrirvara, sem í þessu tilviki er þrjár mánuðir. Stefnandi hvarf af vinnustað 5. maí, vegna þess að henni höfðu ekki verið greidd laun fyrir aprílmánuð. Þegar er stefndi varð þess áskynja, bætti hann úr því. Fyrir dómi kom það fram hjá forsvarsmanni stefnda og starfsmanni hans, að hvorki, þegar stefnanda var sagt upp störfum né þegar henni voru greidd

laun fyrir apríl, hafi komið til tals, að hún ynni uppsagnarfrestinn. Hafi stefndi ætlast til þess, að stefnandi ynni út uppsagnarfrestinn, hefði hann þegar 6. maí, er stefnandi kom ekki til vinnu, átt að gera henni þann kost að koma, ella glata kröfu til launa þann tíma. Hafi stefndi 6. maí staðið í þeirri trú, að stefnandi vildi ekki vinna uppsagnarfrestinn og ætlaðist ekki til launa þann tíma, mátti honum í síðasta lagi verða ljóst, að svo var ekki, þegar hann fékk í hendur bréf Verslunarmannafélags Reykjavíkur, sem dagsett var 7. maí og barst honum 10. eða 11. maí. Í bréfinu kemur fram, að stefnandi hafi titið svo á, að þar eð greiðsla vinnulauna fyrir apríl hafði ekki borist á tilsettum tíma þrátt fyrir viðvörun, hafi stefndi einhliða rift vinnusamningi aðila. Þá er stefnda bent á skyldu hans til að greiða laun í uppsagnarfresti. Hafi stefndi viljað nýta sér vinnu stefnanda, meðan á uppsagnarfrestinum stóð, bar honum að tilkynna henni það, eftir að hann hafði fengið bréf stéttarfélagsins. Það gerði hann ekki, og verður því að líta svo á, að hann hafi fallist á, að hún ynni ekki í uppsagnarfrestinum, þótt honum hlyti að hafa verið ljóst af bréfinu, að hún krefðist launa þann tíma.

Samkvæmt framansögðu verður krafa stefnanda tekin til greina, enda hefur hún ekki sætt tölulegum mótmælum, og stefndi dæmdur til að greiða hana með vöxtum, eins og segir í dómsorði, og 75.000 kr. í málskostnað auk virðisaukaskatts.

Arngrímur Ísberg héraðsdómari kvað upp dóminn.

D ó m s o r ð:

Stefndi, R. Guðmundsson hf., greiði stefnanda, Huldu Björnsdóttur, 213.461 kr. með dráttarvöxtum samkvæmt III. kafla vaxtalaga af 46.933 kr. frá 1. júní 1993 til 1. júlí s. á., en af 106.944 kr. f. þ. d. til 1. ágúst s. á., en af 213.461 kr. f. þ. d. til greiðsludags og 75.000 kr. í málskostnað auk virðisaukaskatts.
